

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	02.11.2016
Málalykill	
Mál nr.	1611020



Borgarleikhúsið

Hr. bæjarstjóri
Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Efni: Ósk um viðræður

Borgarleikhúsið hefur í liðlega 25 ár verið rekið af Leikfélagi Reykjavíkur með öflugum stuðningi Reykjavíkurborgar. Leikhúsið er þekkt fyrir glæsilegt, menningarlegt og fjölbreytt starf sem landsmenn hafa notið í ríku mæli. Lang stærsti hluti leikhúsgesta kemur frá höfuðborgarsvæðinu.

Það er vilji og von LR að önnur sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins tengist rekstri leikhússins með beinum hætti. Með því móti væri hægt að efla rekstur Borgarleikhússins enn frekar til hagsbóta fyrir alla aðila. Í meðfylgjandi kynningarriti setur leikhúsið fram metnaðarfullar hugmyndir um með hvaða hætti hægt væri að auka þjónustu við höfuðborgarsvæðið.

Ávinningur er m.a. eftirfarandi:


- Aðild að metnaðarfullri starfsemi
- Uppeldisleg áhrif með beinni tengingu við leikskóla og grunnskóla
- Afþreying fyrir eldri borgara
- Enn öflugra Borgarleikhús - menningarlegur ávinningur íbúa

Væntum við þess að hugmyndirnar verði teknar til skoðunar hjá bæjarstjórn Garðabæjar og öðrum viðkomandi aðilum bæjarfélagsins og í framhaldi verði teknar upp viðræður við Borgarleikhúsið.

Allar nánari upplýsingar gefur Þorsteinn S. Ásmundsson, verkefnisstjóri þessa verkefnis, netfang: thorsteinn@borgarleikhus.is, sími 664 0450.

Reykjavík 31. október 2016

Virðingarfyllst,


Kristín Eysteinsdóttir, leikhússtjóri



Berglind Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri